

## Menntasmiðjan

Afhending 2018/16

Menntasmiðja kvenna á Akureyri hóf starfsemi sína 2. ágúst 1994 og var í fyrstu ætluð sem þróunarverkefni til þriggja ára með það að markmiði að skapa atvinnulausum konum nýjan grunn til að byggja á í lífi og starfi. Fyrstu þrjú árin var Menntasmiðja kvenna rekin í samstarfi Akureyrarbæjar og ríkisins en seinna lögðu nágrannasveitarfélögin, Norræna ráðherranefndin, Rauði krossinn og fleiri fram fé til rekstursins.

Nám í Menntasmiðju kvenna var dagnám, kennt var skv. stundaskrá frá 9 – 15 alla virka daga, nema föstudaga til 12. Miðað var við að hver nemandi sæti skólann í eina önn og gæti síðan farið út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Hver önn var að jafnaði 14 – 16 vikur og lögð áhersla á þrjá meginþætti, bóknám, verknám og sjálfsstyrkingu. Verknámið fór að miklu leyti fram í samstarfi við tómskundamiðstöðina Punktinn.

Árið 1996 var farið að bjóða upp á kvöld- og helgarnámskeið, meðal annars fyrir nýbúa, námskeið um konur og stjórnmál og fleiri námskeið sem voru opin öllum, ekki aðeins konum.

Árið 1999 var nafni Menntasmiðju kvenna breytt í Menntasmiðjan á Akureyri, í samræmi við útvíkkun starfseminnar. Þá var farið að bjóða upp á námskeið í atvinnuleit, nýliðanámskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar, starfslokanámskeið, dagmæðranámskeið og fleira.

Árið 2002 byrjaði Menntasmiðjan með Menntasmiðju unga fólksins en það var nám í svipuðum stíl og Menntasmiðja kvenna, ætlað atvinnulausu fólki á aldrinum 17 – 25 ára.

Árið 2008 tók Starfsendurhæfing Norðurlands yfir rekstur Menntasmiðjunnar með starfssamningi við Akureyrarbæ.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2009/31, 2014/58 og 2016/100.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
5. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Akureyrarbær</b>			<b>2018 / 16</b>
<b>M-Menntasmiðjan</b>			
<b>MMA-Ljósmyndir</b>			
<b>1994 - 2003</b>			
2018 - MM / 9	1	-	Slidesmyndir litlum boxum, m.a. af starfsfólki menntasmiðjunnar og frá námskeiðum.
2018 - MM / 10	1	1994- 2003	Ýmsar ljósmyndir og filmur frá Menntasmiðjunni 1994-2003, m. a.: -Ferð til Kýpur? (framkallað í mars 2003) Myndirnar eru að mestu ómerktar  Ýmsar slidesmyndir, margar ómerktar en nokkrar merktar: - Nýbúafræðsla 1997 - Menntasmiðja kvenna 01.01.98
2018 - MM / 11	1	-	<input type="checkbox"/> Ýmsar slidesmyndir, í 2 stórum gráum boxum. <input type="checkbox"/> Nokkrar af myndunum eru merktar: Nýbúafræðsla 1997
2018 - MM / 12	1	-	Ýmsar slidesmyndir, í 2 stórum gráum boxum. <input type="checkbox"/> Myndirnar eru ómerktar